

Skólafélag Grindavíkur

Skólafélag Grindavíkur grundvallast á gildandi menntastefnu og framtíðarsýn sveitarfélagsins. Framtíðarsýn kemur fram í upphafi og svo nákvæmari útfærsla á helstu áherslum fræðslunefndar á næstum árum. Eftir umsagnarferli verður unnin framkvæmdaráætlun fyrir áherslur næstu ára.

Nemandinn

Velferð og hagsmunir nemenda hafi forgang í því mikilvæga hlutverki skólafélags að stuðla að alhliða þroska og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Skólarnir leggi sig fram um að skapa góðan skólalag sem einkennist af virðingu og jákvæðum og uppbyggilegum aga. Starfsaðferðir og kennsluhættir taki mið af þroska og þörfum nemenda og síbreytilegu umhverfi. Allt nám grundvallast á grunnþáttum menntunar og í öllu starfi með börnum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.

Áherslur næstu ár:

- Að nemendur sýni framfarir í eða yfir meðallagi milli samræmdra könnunarprófa
- Frístundaheimili verði í boði fyrir 1.- 4. bekk í tengslum við skólafélag í ljósi þess að yngsta stig verði 1.-4. bekkur
- Nemendur hafi greiðan aðgang að stoðþjónustu
- Að áfram verði unnið að því að mæta einstaklingsbundnum þörfum nemenda - frávik, tví/margtyngi

Mannauður

Hjá Grindavíkurbæ starfi áhugasamt starfsfólk þar sem starfsánægja, metnaður og fagmennska ríki og að starfsfólk verði jákvæðar fyrirmyndir í samræmi við grunnþætti aðalnámskrár.

Áherslur næstu ár:

- Starfsfólk skóla hafi greiðan aðgang að stoðþjónustu
- Auka hlutfall fagmenntaðra í skólum bæjarins
- Styrkja faglega forystu og samvinnu stjórnenda skóla sveitarfélagsins
- Að allir skólar sveitarfélagsins vinni eftir hugmyndafræði lærdómssamfélags
- Að allir starfsmenn Heilsuleikskólans Króks þiggi laun frá sama vinnuveitanda
- Að starfsumhverfi skóla sveitarfélagsins sé eftirsóknarvert og jákvætt.

Samvinna og samstarf

Öflugt samstarf ríki milli skóla í sveitarfélaginu og þeirra aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna. Stöðugt verði unnið að traustu og árangursríku samstarfi milli heimila og skóla sem feli í sér samráð og samvinnu um nám, hegðun, umgengni og skólalag. Forráðamönnum gefist kostur á fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við foreldrafærni sína til að stuðla að betri hegðun, líðan og námsárangri nemenda. Samstarfi um fagleg málefni, átaks- og þróunarverkefni verði viðhaldið svo þau verði hluti af daglegu skólafélags og skólamenningu. Í skólafélaginu eru möguleikar sem felast í grenndarsamfélaginu nýttir til að byggja upp jákvætt viðhorf og virðingu milli nemenda og samfélags. Unnið er að því að nemendur öðlist umhverfisvitund, skynji hvaða hegðun er við hæfi í náttúru og samfélagi og sýni bæði fólki og umhverfi tillitsemi, virðingu og kurteisi.

Áherslur næstu ár:

- Læsi – að sveitarfélagið setji sér heildræna læsisstefnu

- Að heimasíður sveitarfélagsins og einstakra skóla séu upplýsandi og uppfærðar reglulega varðandi skólamál
- Að efla samstarf heimilis og skóla, einnig milli skólastiga
- Að innleiða mat á frístundaheimili, skólaþjónustu og tónlistarskóla
- Sveitarfélagið móti sér stefnu í alþjóðlegu samstarfi

Aðbúnaður – húsnæði – tækni

Öllum nemendum sveitarfélagsins sé tryggður jafn aðgangur að fjölbreyttri aðstöðu og þroskavænlegu umhverfi þar sem tekið verði mið af öryggi nemenda og mismunandi þörfum þeirra. Starfsmönnum og nemendum verði tryggður búnaður sem er samkvæmt vinnuverndarákvæðum og viðurkenndum nútímalegum starfsháttum skóla.

Áherslur næstu ár:

- Að börn fái leikskólavistun frá 12 mánaða aldri
- Stækkun skólahúsnæðis til að bregðast við húsnæðisvanda og mótun sýnar á húsnæðisþörf skólanna til lengri tíma.
- Öflug tölvuþjónusta sé til staðar fyrir skólana sem komi til móts við nútíma kennsluhætti
- Öruggt og skapandi umhverfi í og við skóla sveitarfélagsins

Líðan og velferð

Í uppeldisstarfi á vegum sveitarfélagsins er byggt á hugmyndafræði þar sem lögð er rækt við jákvæð lífsgildi. Viðhafðir séu lífshættir í allri starfsemi skólanna sem stuðla að góðri lýðheilsu samkvæmt áherslum heilsueflandi samfélags. Skólar skapa umhverfi, í samráði við foreldra/forráðamenn, sem eykur möguleika nemenda til náms og þroska á forsendum hvers og eins.

Áherslur næstu ár:

- Að öflugt forvarnastarf sé til staðar fyrir nemendum og starfsfólk
- Að hafa líðan og velferð nemenda og starfsfólks að leiðarljósi í skólastarfi
- Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis
- Að stöðugildi og þjónusta skólahjúkrunarfræðings sé í samræmi við viðmið landlæknis